

Minnisblað

Efni: Hugmyndir um notkun Suðurgötu 14. Lagt fyrir Fjölskylduráð 23. mars 2018

Suðurgata 14 er á þremur hæðum. Auk þess er óupphitað ris á húsinu. Samtals er um að ræða tæpa 1400 fermetra hús (fyrir utan risið). Jarðhæð og miðhæð eru um 520 fermetrar hvor hæð og efsta hæðin er u.þ.b. 350 fermetrar. Húsið er miðsvæðis í bænum og hentar vel fyrir fjölbreytta starfsemi. Byggingin var áður nýtt sem skrifstofuhúsnæði og nýtist að hluta til vel fyrir þau verkefni sem sett eru fram hér á eftir. Ljóst er þó að gera þarf lágmarks breytingar á húsinu til þess að það geti sem best þjónað tilgangi sínum. Þegar fyrir liggur hvaða starfsemi verður í húsinu er nauðsynlegt að fá arkitekt að verkinu til að útfæra og leggja á ráðin með framkvæmdir og skipulag húsnæðisins.

Jarðhæð

- Geitungar, atvinna fyrir fatlað fólk.

Atvinna fyrir fatlað fólk verði á jarðhæð í anda hugmyndafræði Geitunganna. Gert verði ráð fyrir aðstöðu vegna verkefna fyrir starfsmenn Geitunga. Þarfir Geitunga og hagar verði hafður að leiðarljósi varðandi aðkomu slíkra verkefna. Á jarðhæð verði einnig verslun Geitunganna. Nú þegar hafa Geitungar komið sé fyrir á jarðhæðinni.

Miðhæð

- Kletturinn, lengd viðvera fyrir börn í 4.-10. bekk grunnskóla. Kletturinn er nú staðsettur að Smyrlahrauni 41 í bráðabirgðahúsnæði. Nauðsynlegt er að starfsemin fái varanlegt húsnæði en nú eru 14 börn sem nýta úrræðið. Hægt væri að einhverju marki að ná samlegðaráhrifum í starfsmannahaldi flytjist Kletturinn í sama hús og Geitungar, Vinaskjól o.fl.

Skrifstofur verði fyrir eftirtalda aðila:

- Forstöðumann ungmenna-, frístunda og fjölmeningarstarfs
- Forstöðumann Klettsins
- Ungmennaráð
- Fjölnota fundarherbergi t.d. fyrir fjölskyldusameiningu barnaverndar

Aðstaða fyrir eftirfarandi starfsemi til viðbótar við Klettinn og skrifstofur:

- Ungmennahús
- Aðstaða fyrir starfsmenn heimaþjónustu
- Aðstaða fyrir foreldra með ung börn að hittast einhverja morgna í sal Klettsins
- Útvarpsstöð fyrir Geitunga, Klettinn og aðra í skólum bæjarins.
- Bíó salur/karaoke salur o.þ.h.
- Tónlistarherbergi fyrir alla notendur húsnæðisins og tónlistarskóli gæti haft aðkomu

- Tölvuherbergi fyrir myndvinnslu o.s.frv. fyrir alla notendur húsnæðisins

Efri hæð

- Vinaskjól, verkherinn, kvöldstarfið, hópaliðveisla
- Eldhús nýtist einnig sem kaffistofa starfsmanna
- Matsalur nýtist einnig sem fundarsalur. Fundarsalinn verði hægt að panta á innri vef.

Ris (óupphitað rými undir súð, lítill hringstigi upp í risið)

- Geymslur t.d. fyrir félagasamtök, ungmennaráð, leikfélag Hafnarfjarðar o.fl.

Hafnarfjörður 21. mars 2018.